

EFTIRLITSSKÝRSLA

Colas Ísland ehf. Ammann 1 Færanleg malbikunarstöð



Dags eftirlits	30.10.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Colas Ísland ehf. Ammann 1	Eftirlitsmaður	
Heimili	Gullhellu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4604820979	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Björk Úlfarsdóttir	ÍSAT nr.	23.99.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	færanleg

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt eldra frávik var opið þegar komið var í eftirlit. Níu frávik frá kröfum í starfsleyfi og lögum og reglugerðum komu fram í eftirlitinu.

Farið var yfir eldri ábendingu í eftirlitinu. Settar voru fram tvær nýjar ábendingar um það sem betur má fara í rekstrinum.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarna eftirlit var farið í reglubundið eftirlit í malbikunarstöð Colas Ísland hf., Ammann1 sem er malbikunarstöð með breytilega staðsetningu og er núna staðsett við Hjallaleiru á Reyðarfirði. Starfsleyfi rekstraraðila er frá 10. desember 2020 og gildir til 10. desember 2036

Dagskrá eftirlitsins:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Kynning á fylgiskjöllum
- Umfang starfseminnar
- Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar
- Trygging vegna bráðamengunar
- Leyfi fyrir staðsetningar
- Mælingar og vöktun vegna starfseminnar
- Hávaðamæling 2024
- Grænt bókhald, losunarbókhald, ársskýrsla
- Áhættumat
- Kvartanir
- Annað
- Vettvangsferð

1. Niðurstöður síðasta eftirlits

Eitt opið eldra frávik frá kröfum í starfsleyfi. Útblástursmælingar fyrir árið 2022 voru ekki framkvæmdar. Mælingar í útblæstri voru síðast framkvæmdar þann 15. júlí 2021. Mæla skal efni í útblæstri árlega.

Í eftirlitinu kom fram að mæling var framkvæmd 2024 og skilað til stofnunarinnar þann 17. október 2024. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila var einnig framkvæmd mæling á útblæstri þann 13. okt 2025. Niðurstöður þeirra mælinga bárust stofnuninni þann 3. nóvember. Fráviki er því lokað.

Ein ábending var frá fyrra eftirliti.

Bent var á kröfur olíureglugerðar nr. 884/2017, grein 41, um áfylliplan tengt olíuskilju þar sem áfylling á bifreiðar fer fram. Engin breyting hefur verið gerð og ábendingin stendur áfram.

2. Kynning á fylgiskjöllum

Rekstraraðili fékk send fylgiskjöl í fundarboði varðandi: Kynningu á breyttu verklagi við eftirliti stofnunarinnar, leiðbeiningar um olíuskiljur, gagnagrunn um mengaðan jarðveg, breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits, kynningu á heimild til álagningar stjórnvaldssekta og gjaldskrá.

3. Umfang starfseminnar

Starfsleyfi stöðvarinnar heimilar framleiðslu á 60 tonn/klst sem er hámarks framleiðslugeta stöðvarinnar og hún hefur því aldrei farið fram yfir heimild í starfsleyfi.

4. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar

Rekstraraðili er með staðlaða áætlun fyrir allar færanlegar malbikunarstöðvarnar. Enginn áætlaður flutningur á þessari stöð eins og er. Bæta þarf inn í áætlunina að upplýsa þarf slökkviliðið um flutning stöðvarinnar. Einnig þarf að bæta inn í áætlunina hvaða varnir gegn mengun þarf við uppsetningu stöðvarinnar á nýrri staðsetningu.

5. Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili framvísaði í eftirlitinu tryggingaskírteini fyrir stöðina.

6. Leyfi fyrir staðsetningar

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að flytja stöðina.

7. Mælingar og vöktun vegna starfseminnar

Engar mælingar á útblæstri voru framkvæmdar árið 2023. Árið 2024 voru framkvæmdar mælingar þann 9. júlí og skýrslunni skilað til stofnunarinnar þann 30. apríl 2025 sem er meira en mánuði eftir að mælingar fóru fram. Samkvæmt skýrslunni fyrir mælingarnar sem fram fóru árið 2024 var styrkur ryks og kolmónoxíðs yfir mörkum í starfsleyfi. Samkvæmt rekstraraðila var farið í úrbætur í maí 2025 áður en stöðin var gangsett í fyrsta skipti. Mæling fyrir árið 2025 fór fram þann 13. október og barst stofnuninni skýrslan þann 3. nóvember. Samkvæmt skýrslunni var styrkur ryks yfir losunarmörkum en kolmónoxíð og köfnunaroxíð undir losunarmörkum.

8. Hávaðamæling 2024

Hávaðamæling fyrir stöðina var framkvæmd þann 9. júlí 2024. Mælingar voru innan marka í starfsleyfinu.

9. Grænt bókhald

Grænu bókhaldi fyrir 2024 var skilað of seint.

Grænu bókhaldi fyrir 2023 var skilað of seint.

Rekstraraðili hefur undanfarin ár skilað einungis einu sameiginlegu grænu bókhaldi fyrir allar starfstöðvar og ekki með raunverulegum tölum. Skila skal grænu bókhaldi fyrir hvert og eitt starfsleyfi og skal það innihalda raunverulegar tölur fyrir hvert og eitt starfsleyfi.

10. Áhættumat

Farið var yfir áhættumatið í eftirlitinu.

11. Kvartanir

Engar kvartanir hafa borist, hvorki til UOS né rekstraraðila.

12. Annað

Rekstraraðili mun endurskoða framsetningu á grænu bókhaldi fyrir næstu skil.

13. Vettvangsferð

Á lóð rekstraraðila eru 2 bambar með olíuefnum án lekabyttu. Bæta þarf árekstrarvarnir við neyslugeyminn og áfyllingarplanið fyrir neyslugeyminn þarf að vera á lekaheldu yfirborði og ekki í halla, áfyllingarslangan á neyslugeyminum má ekki vera þannig útbúin að hún geti legið á jörðinni.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 4.2 í starfsleyfi

Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í útblæstri
Engar mælingar á útblæstri voru framkvæmdar árið 2023.

Frá gr. 4.2 í starfsleyfi.

Skila skal niðurstöðum mælinga til eftirlitsaðila innan mánaðar frá mælingum.
Útblásturs mælingar fyrir árið 2024 voru framkvæmdar þann 9. júlí 2024 og skýrslunni skilað til stofnunarinnar þann 30. apríl 2025 sem er meira en mánuði eftir að mælingar fóru fram.

Gr. 3.5 í starfsleyfi.

Útblástur skal standast losunar mörk í útblæstri.

Samkvæmt skýrslu fyrir mælingarnar sem fram fóru árið 2024 var styrkur ryks og kolmónoxíðs yfir mörkum í starfsleyfi.

Gr. 2 í reglugerð 851/2002 um grænt bókhald

Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald.
Grænt bókhald fyrir árið 2024 barst ekki fyrir 1. maí 2025.

Gr. 2 í reglugerð 851/2002 um grænt bókhald

Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald.
Grænt bókhald fyrir árið 2023 barst ekki fyrir 1. maí 2024.

Gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur lausageyma.

Lífolía er geymd í fjórum bömbum sem standa ekki í lekabyttu og án allra árekstrarvarna.

gr. 41 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við reksturs neyslugeyma.

Eldsneyti til áfyllingar á farartæki er geymt í olútanki á lóðinni.

Árekstrarvarnirnar eru ófullnægjandi og áfyllingarplanið er að hluta til ekki með lekaheldu yfirborði.

Gr. 41 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim þegar þeir eru ekki í notkun

Neyslugeymirinn stendur í halla og ekkert sem kemur í veg fyrir sjálfrennsli frá geyminum.

Gr. 3.5 í starfsleyfi.

Útblástur skal standast losunar mörk í útblæstri.

Samkvæmt skýrslu fyrir mælingarnar sem fram fóru árið 2025 var styrkur ryks yfir mörkum í starfsleyfi.

ÁBENDINGAR


1. Rekstraraðila var bent á að í áætlun um rekstrarstöðvun þarf að bæta inn að upplýsa þarf slökkviliðið um flutning stöðvarinnar og áætlun um varnir gegn mengun við uppsetningu stöðva á nýjum staðsetningum.
2. Áfyllingarslangan á neyslugeyminum á ekki að vera þannig útbúin að hún geti legið á jörðinni.

Reykjavík,

12.12.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Kristín Kröyer